

Grjótnáma í landi Kappeyrar

Aðalskipulag Fjarðabyggðar

16. júní 2017

Kynning á lýsingu

Skipulags- og matslýsing þessi, fyrir væntanlega aðalskipulagsbreytingu vegna efnistökusvæðis við Kappeyri, er kynnt hér í samræmi við ákvæði laga. Allir sem þess óska geta komið á framfæri ábendingum og athugasemdum við lýsinguna og skulu þær berast skipulags- og byggingarfulltrúa á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð eða á netfangið skipulagsfulltrui@fjardabyggd.is.

Aðdragandi og tilgangur skipulagsgerðar

Komið hefur í ljós að efnisnáma við Kappeyri, sem þegar er nýtt m.a. til vinnslu á stórgrýti, er ekki tilgreind í gildandi aðalskipulagi. Tilgangur þeirrar breytingar á aðalskipulagi, sem hér er kynnt, er að leiðrétta þetta misræmi og tryggja áframhaldandi nýtingu námunnar.

Breytingin nær til sveitarfélagsuppdráttar Aðalskipulags Fjarðabyggðar 2007-2027 þar sem efnistökusvæði yrði sett inn á uppdráttinn. Samsvarandi ákvæði verða einnig færð inn í greinargerð. Náman er staðsett rétt austan við þéttbýli Fáskrúðsfjarðar, sjá mynd 1.



Mynd 1. Svæðið sem breytingin nær til er merkt með rauðum ramma inn á sveitarfélagsuppdrátt í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027.

Þörf er á efnisnámu í Fáskrúðsfirði til að sveitarfélagið geti sinnt framkvæmdum og viðhaldi í nágrenninu. Næstu námur þar sem hægt er að ná í stórgrýti eru í Stöðvarfirði og Reyðarfirði en fyrir framkvæmdir í Fáskrúðsfirði er æskilegt að hafa námu nær.

Grjótnáma í landi Kappeyrar var opnuð á árunum 2007-2008 að fengnu leyfi ábúanda á ríkisjörðinni Kappeyri og umsögn Umhverfisstofnunnar um námuna. Á þeim tíma var aðalskipulag sveitarfélagsins í vinnslu og var ætlunin að setja grjótnámuna að Kappeyri inn í skipulagið. Ástæða þess að náman er ekki á aðalskipulagi er ekki þekkt, en ekki er vitað til þess að ágreiningur sé um nýtingu námunnar. Rætt hefur verið við eiganda landsins ásamt ábúanda og heimild þeirra til nýtingar fengin að nýju.

Áhugi er á að nýta efni úr námunni t.a.m. í bakkavarnir í Dalsá til að verja þjóðveginn þar fyrir rofi, grjóthleðslu í kirkjugarðinn á Fáskrúðsfirði og í hafnargerð. Breyting á aðalskipulagi er nauðsynleg til að tryggja aðgengi að efnisnámu fyrir þessar framkvæmdir og fleiri í firðinum.

Umhverfi og staðhættir

Efnisnáman við Kappeyri er staðsett innan við 2 km austan af þéttbýli Fáskrúðsfjarðar. Bærinn Kappeyri stendur þar norðan við veginn, Vattarnesveg (nr.955), en grjótnáman er um 350 m suðvestan við bæinn, norðan Vattarnesvegur. Námusvæðið er raskað. Í námunni er fast berg sem hægt er að vinna í þær stærðir sem þörf er á í hvert skipti. Áætlað er að taka allt að 49.000 m³ af efni.



Mynd 2. Náman og næsta nágrenni hennar á loftmynd (bing.com/maps).

Landslag á svæðinu einkennist af nokkuð brattri fjallshlíð sem er fremur einsleit á að líta. Svæðið er lítt gróin og grýtt fjallshlíð með áberandi vatnsrákum. Jarðvegur virðist þurr, gróður lágvaxinn og yfirborð all víða rofið. Lynggróður og grös eru ríkjandi plöntutegundir. Engar plöntur með verndargildi eru þekktar á svæðinu.

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins og þau svæði sem um ræðir eru ekki á náttúruverndaráætlun, náttúruminjaskrá (sbr. eldri náttúruverndarlög lög nr. 44/1999) eða friðlýst. Náttúruminjaskrá skv. gildandi náttúruverndarlögum nr. 60/2013 hefur ekki verið gefin út.

Umhverfismat

Grjótnáman fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sbr. 6.mgr. með vísun í t.l. 2.04 í 1. viðauka. Þar kemur fram að framkvæmdin er í C flokki og tilkynningaskyld, og því verður það ákvörðun sveitarfélagsins hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfismat tillögunnar mun fara eftir 4.4.1. gr. skipulagsreglugerðar þar sem óbreytt stefna verður borin saman við breytingatillögu. Gerð verður grein fyrir helstu áhrifum á umhverfið, þess gætt að tillagan valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum og metið hvort þörf sé á sérstökum mótvægisáðgerðum eða skilyrðum til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif. Eftirtaldir umhverfisþættir verði teknir til skoðunar:

- *Landslag og ásýnd* vegna efnistöku og landslagsmótunar á framkvæmdatíma.
- *Samfélag, áhrif á íbúa og atvinnu* vegna efnistöku.
- *Mengun og ónæði* vegna efnistöku og umferðar á framkvæmdatíma.

Til viðmiðunar við mat á áhrifum verður stuðst við landsskipulagsstefnu stefnu Fjarðabyggðar og stjórnvalda á landsvísu og gildandi lög og reglugerðir. Í gildandi aðalskipulagi er einkum

horft til stefnu stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, Velferð til framtíðar, og verða viðmið sótt í uppfærða útgáfu þeirrar stefnu.

Skipulagsferlið

Málsmeðferð verður í samræmi við gr. 4.6 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Reikna má með að ferlið taki 5-7 mánuði frá því að þessi skipulags- og matslýsing er send Skipulagsstofnun til umsagnar. Ferlið og fyrirkomulag vinnunnar verður eftirfarandi:

A. KYNNING LÝSINGAR

Skipulags- og matslýsing er send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Umsagnarfrestur er 3 vikur. Lýsingin er samtímis auglýst í Dagskránni og Austurglugganum og á vef Fjarðabyggðar þar sem hún verður aðgengileg í 2 vikur. Ábendingar og athugasemdir skulu berast innan þess frests. Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd mun hafa hliðsjón af ábendingum og umsögnum sem henni berast en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

Skipulags- og matslýsing verður send Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Vegagerðinni og ábúenda og eiganda jarðarinnar Kappeyrar til umsagnar.

B. KYNNING TILLÖGU Á AÐALSKIPULAGSBREYTINGU

Tillaga til kynningar á vinnslustigi verður auglýst á vef sveitarfélagsins og með auglýsingu í svæðisbundnum fréttamiðli. Gefinn verðu tveggja vikna frestur til að senda inn ábendingar, en ábendingum verður ekki svarað sérstaklega.

C. AUGLÝSING TILLÖGU

Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar og samþykkt í sveitarstjórn verður tillaga að aðalskipulagsbreytingu auglýst í Lögbirtingablaði, á vef sveitarfélagsins og með öðrum áberandi hætti. Auglýsingartími og athugasemdafrestur er að lágmarki 6 vikur frá upphafi auglýsingar.

D. AFGREIÐSLA TILLÖGU

Að afloknum athugasemdafresti verður tillagan tekin til umfjöllunar í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og síðan sveitarstjórn. Afstaða er tekin til athugasemda og hugsanlegra breytinga. Umsögn um athugasemdir er send sem þeim sem þær gerðu. Niðurstaða sveitarstjórnar er auglýst.

Ef engar athugasemdir eru gerðar við tillögurnar er ekki skylt að taka þær aftur fyrir í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn, heldur skal senda þær Skipulagsstofnun.

Samþykktar tillögur eru sendar Skipulagsstofnun innan 8 vikna frá lokum athugasemdafrests.

Skipulagsstofnun staðfestir tillögu innan 4 vikna frá því að tillagan berst og birtir staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda.